

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2020/207****2021/EES/7/08****frá 14. febrúar 2020****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar innflutning á gæludýrafóðri frá Sádi-Arabíu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 41. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna vegna innflutnings á gæludýrafóðri.
- 2) Kröfur vegna innflutnings til Sambandsins og umflutnings í gegnum það á gæludýrafóðri, þ.m.t. nagbein, eru settar fram í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, þ.m.t. skrá yfir þriðju lönd í línu 12 og töflu 2.
- 3) Lögþær yfirvöld í Konungsríkinu Sádi-Arabíu hafa veitt framkvæmdastjórninni tryggingu fyrir því að Konungsríkið Sádi-Arabía geti uppfyllt viðeigandi heilbrigðisskilyrði og fullnægjandi ábyrgðir fyrir eftirlitið sem þar er haft með framleiðslu gæludýrafóðurs sem fengið er úr alifuglum. Því þykir réttlæt看legt að bæta Sádi-Arabíu á skrána yfir þriðju lönd þaðan sem flytja má unnið gæludýrafóður úr alifuglum inn til Sambandsins og umflytja gegnum það.
- 4) Því ætti að breyta töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við textann í viðaukanum við þessa reglugerð.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 43, 17.2.2020, bls. 69. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 177/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðisefirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjttíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

VIÐAUKI

Í stað 12. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 kemur eftirfarandi:

„12	Gæludýrafóður, þ.m.t. nagbein	<p>a) Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður og nagbein: efni sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 35. gr.</p> <p>b) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: efni sem um getur í iii. lið a-liðar 35. gr.</p>	Gæludýrafóðrið og nagbeinin skulu hafa verið framleidd í samræmi við II. kafla XIII. viðauka.	<p>a) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 eða í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum og þar sem eingöngu er heimild fyrir kjöti með beini. Ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.</p> <p>b) Ef um er að ræða nagbein og gæludýrafóður, þó ekki hrátt: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og eftirfarandi lönd: (JP) Japan (EC) Ekvador (LK) Srí Lanka (TW) Taívan (SA) Sádi-Arabía (eingöngu unnið gæludýrafóður úr alifuglum) Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður úr efnum úr fiski: þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.</p>	<p>a) Ef um er að ræða gæludýrafóður í dósum: A-liður 3. kafla XV. viðauka.</p> <p>b) Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður, þó ekki gæludýrafóður í dósum: B-liður 3. kafla XV. viðauka.</p> <p>c) Ef um er að ræða nagbein: C-liður 3. kafla XV. viðauka.</p> <p>d) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: D-liður 3. kafla XV. viðauka.“</p>
-----	-------------------------------	---	---	---	---